

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Vestmannaeyjum



Dags eftirlits	8.10.2015	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Helgi Sveinsson	Staðsetning	436288,588 327656,205

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Athugasemd var gerð við skráningar í rekstrarhandbók (mánaðarblöð) í stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi sem gerðar eru til stöðvarinnar. Skeljungur hefur ekki lengur umsjón með geymum og lögnum Ísfélags Vestmannaeyja hf. í FES-inu né geymi sem stendur við Vinnslustöðina hf. Ábyrgð á viðhaldi og prófunum færir því til viðkomandi eiganda.

Niðurstöður botnþykktarmælinga á fjórum geymum, B201 – B204, bárust á síðasta ári.

Við skoðun á frárennsli olúskilja í stöðinni kom olúskiljan í vesturporti vel út og stóðst kröfur en skiljan í austurporti hefur yfirfyllt þar sem fráveitulögn (annað hvort í lóð Skeljungs hf. eða í nálægri lóð þar sem byggingarframkvæmdir standa yfir) hefur líklega fallið saman. Frárennsli skiljunnar stenst því ekki kröfur í starfsleyfi. Auka þarf eftirlit með olúskiljum og skrá niðurstöður eftirlitsins í rekstrarhandbók (mánaðarblöð). Árlega skal þjónusta skiljurnar (tæma sand úr sandfangi og olíu úr olíuhólfi).

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnna lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað. Stöðin í Vestmannaeyjum hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Farið var yfir magntölur fyrir stöð Skeljungs, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olúskiljur og fráveitumál.

Búið er að loka austurporti með hliðgrindum og ljúka frágangi á girðingu sem hindrar óviðkomandi umferð.

Starfsleyfi er í gildi til 2018. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Frávik frá

grein 2.4 í starfsleyfi.

Lýsing á fráviki

Frárennsli olúskilju í austurporti hefur lokast og olúskilja því yfirfull og hefur hleypt olíu út í lögna.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við skráningar í rekstrarhandbók (mánaðarblöð) í stöðinni, en skráningar þarf að bæta. Fylgjast þarf betur með fráveitumálum stöðvarinnar og skrá þjónustu við kerfin. Skrá skal þegar sandfang er tæmt eða sögið ofan af olíuhólfi.

Reykjavík, 21.10.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.